

# Skólalóðir



Stöðugreining og stefnumörkun



Fasteignastofa Reykjavíkur  
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur  
Júní 2004

Grunnskóla Reykjavíkur

# Skólalóðir

Stöðugreining og stefnumörkun

Fasteignastofa Reykjavíkur  
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Prentað út í júní 2004

**Útgefandi:**

Fasteignastofa Reykjavíkur og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur  
© Fasteignastofa Reykjavíkur og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur  
júni 2003  
Unnið af samstarfshópi um stöðugreiningu varðandi húsnæði  
Umsjón með textavinnu: Anna Kristín Sigurðardóttir

7.2.2006

## Útdráttur

### Hlutverk skólalóðar

- Samkvæmt stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur hefur skólalóðin þrjú hlutverk í skólastarfinu sem hefur áhrif á skipulag hennar: Hún er félagslegur vettvangur þar sem hlúð er að þörfum einstaklinga og hópa, hún er námslegur vettvangur fyrir nemendur skólans, auk þess sem hún getur verið nýtt af öðrum íbúum hverfisins.
- Skólalóðir taka mið af stefnu og áherslum hvers skóla og verða því útfærðar með mismunandi hætti.
- Mikilvægt er að nánasta umhverfi skóla sé aðlaðandi, styrki jákvæða ímynd skólans og bjóði fólk velkomið.

### Öryggismál

- Með nýrri reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942 /2002 skulu rekstraraðilar skila tímasettri áætlun í árslok 2004 um endurgerð leiksvæða þannig að þau uppfylli ákvæði reglugerðarinnar.

### Skipulag skólalóðar

- Skipulag skólalóðarinnar skal taka mið af fjölþættu hlutverki hennar jafnt sem margvíslegum þörfum notendahópsins.
- Nauðsynlegt er að lóðin sé skipulögð sem ein heild, en ekki eingöngu einstakir hlutar hennar, með framtíðar hlutverk hennar í huga.
- Kennslugarðar sem eru skipulagt svæði utandyra, verði settir upp á skólalóðum þeirra skóla sem leggja áherslu á útikennslu og umhverfisfræðslu.
- Skógrækt á skólalóðum verði skipulögð sem grenndarskógur þar sem áhersla er lögð á nýtingu grenndarskóga.

### Hönnun og framkvæmd

- Lóðarhópur verði skipaður með hverju verki sem vinnur með hönnuðum og verkefnisstjóra Fasteignastofu að gerð forsagnar. Í honum sitja, auk hönnuða og verkefnisstjóra, skólastjóri, fulltrúi kennara, foreldra, Fræðslumiðstöðvar og ÍTR.
- Tryggt verði að hönnuðir og verktakar fái tækifæri til að til að fylgja verkinu eftir yfir a.m.k. tvö sumur þannig að unnt sé að bæta úr því sem aflaga hefur farið eftir fyrsta veturinn.

### Fjármagn til viðhalds og endurgerðar

- Lagt er til að tekið verði frá ákveðin fjárhæð á hverju ári í nokkur ár sem ætluð er til endurgerðar / endurbóta á skólalóðum þ.m.t. gerð kennslugarða. Kallað verði eftir tillögum og áherslum hvers skóla. Gerð verði áætlun um framkvæmdir í samræmi við tillögur skólanna og ástands á skólalóðum.
- Gera þarf sérstakt átak í almennu viðhaldi á skólalóðum vegna þess hve ástand margra lóða er lélegt. Gerð verði áætlun þar um miðað við það fjármagn sem er til ráðstöfunar og forgangsraðað miðað við ástand lóðanna.

### Ráðgjöf til skóla

- Skólum verði tryggður aðgangur að ráðgjöf um plöntuval, umhirðu á plöntum og öðrum gróðri á skólalóðum, umhverfis – og útikennslu og fleira sem tengist nýtingu umhverfisins í kennslu.
- Gerð verði tilraun í einum skóla með hönnun skólalóðar í samræmi við áherslur og þarfir notenda. Verkefnið verði unnið í samstarfi við skólafólk og hönnuði.

**Efnisyfirlit**

Inngangur .....	2
1. Stefnumörkun fræðsluráðs .....	4
Greinargerð með tillögu og nánari útfærsla .....	5
a. Hönnun og skipulag .....	5
b. Það sem þarf að vera á skólalóð .....	6
c. Öryggi á skólalóð .....	8
d. Viðhald og umgengni .....	9
e. Umhverfismál á skólalóð .....	10
f. Ráðgjöf við skóla .....	10
2. Kennslugarður .....	10
Álftamýrarskóli .....	12
Selásskóli .....	13
3. Mat á ástandi girðinga, yfirborðs, leiktækja, snjóbræðslu og frárennsli	14
4. Kostnaður .....	15
Lokaorð .....	16

**Fylgiskjöl:**

1. Erindisbréf hóps um skólalóðir frá 12. 9. 2002
2. Fundarboð um hugarflugsfund um skólalóðir þann 30. október 2002
3. Bréfi til skólastjóra með beiðni um álit vegna vinnu hópsins og boð á fund.
4. Minnispointar af fundi um skólalóðir sem haldinn var 28. nóvember 2002
5. Hugmynd að kennslugarði í Álftamýrarskóla
6. Hugmynd að kennslugarði í Selásskóla
7. Samatekt Sigrúnar Helgadóttur um hlutverk og hönnun skólalóða
8. Yfirlit yfir fjölda samninga sem gerðir hafa verið vegna slysa á tönnum barna, í grunnskólum 1995 – 2002
9. Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942 / 2002.
10. Grein Þráins Haukssonar landslagsarkitekts um hönnun skólalóða, sem birtist í AT - tímariti Arkitektafélags Íslands, 2. tölublað, desember 2002
11. Tillaga frá Íþrótt- og tómsundaráði vegna frístundaheimila.

## Inngangur

Í þessari skýrslu segir frá niðurstöðum vinnuhóps um skólalóðir sem starfaði sem undirhópur vinnuhóps um skólabyggingar í Reykjavík (sjá skýrslu ...).

Margar ástæður liggja að baki þess að brýnt að fjalla sérstaklega um skólalóðir. Má þar nefna eftirtalin atriði:

- Vegna átaks í einsetningu grunnskóla undanfarin ár hefur vinna við skólalóðir setið á hakanum og er því ástand margra lóða slæmt eða þær ófrágengnar.
- Áhugi er nú fyrir því að nýta nánasta umhverfi skólans í kennslunni meira en verið hefur, m.a. vegna lengingar skólaársins og breyttra kennsluhátta.
- Margt bendir til þess að við stöndum að baki nágrannabjóðum okkar í því að nýta nánasta umhverfi til kennslu bæði hvað varðar skipulag umhverfisins og kennsluhætti.
- Aukin áhersla er nú á kennslu í umhverfismennt og umhverfisvænu skólastarfi.
- Nýting á nánasta umhverfi skólans styður við áherslu á einstaklingsmiðað nám, samþættingu námsgreina og samvinnu nemenda.

Vert er að benda á að umræða um skólalóðir og nýtingu þeirra í kennslu hefur verið lítil hér á landi. Því lagði hópurinn talsverða vinnu í að efla þá umræðu og fá fram álit margra aðila. Fyrir á síðustu öld var talsvert talað um garða og útikennslu, t.d. í tengslum við héraðsskólana.

Helstu verkefni hópsins samkvæmt erindisbréfi voru að:

- móta tillögur um hlutverk skólalóða í skólastarfinu
- útfæra dæmigerða skólalóð fyrir tveggja hliðstæðna skóla sem samræmist hugmyndum hópsins þannig að unnt sé að reikna út kostnað
- gera tillögur að fyrirkomulagi á hönnun og ráðstöfun fjármagns vegna skólalóða (fylgiskjal 1).

Hópurinn skipuðu:

Anna Kristín Sigurðardóttir, verkstjóri, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Guðrún Þórsdóttir, ritari, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Róbert Árni Róbertsson, Fasteignastofu Reykjavíkur

Guðrún Sigríður Hilmisdóttir, Gatnamálastofu Reykjavíkur

Þórólfur Jónsson, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur

## Verklag

Vinnu hópsins hófst í framhaldi af hugarflugsfundi sem Fasteignastofa Reykjavíkur stóð fyrir þann 30. október 2002, þar sem fram kom góð yfirsýn, fjölmargar hugmyndir og gagnleg atriði sem hópurinn nýtti sér (fylgiskjal 2).

Vinnuhópuinn hafði að leiðarljósi í vinnu sinni margþætt gildi skólalóðar í uppeldistarfi skólanna með hliðsjón af stefnu og áherslum hvers skóla.

Hópurinn hélt samtals 13 fundi á tímabilinu 11. nóvember 2002 til maí 2003, auk vinnu milli funda. Hópurinn leitaði fanga víða. Ýmsir sérfræðingar voru boðaðir til

samráðs, skólar heimsóttir, haldinn fræðslufundur með skólastjórum, kennurum og foreldrum, kallað eftir umsögnum frá skólum, sett upp sérstök upplýsingasíða á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar og safnað vefköngum um efni sem snertir skólalóðir. Auk þessa sendi hópurinn sameiginlega umsögn um umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar.

Eftirtaldir sérfræðingar mættu á fund hópsins til samráðs og ráðgjafar eða gáfu umsagnir:

Birna Helgadóttir, umhverfislíffræðingur  
Fanny Gunnarsdóttir, þáverandi skólastjóri Álftamýrarskóla  
Gísli Sváfnisson, kennari  
Gunnar Örn Jónsson, eignafulltrúi ÍTR  
Kristín Þorleifsdóttir, landslagsarkitekt og sérfræðingur í hönnun á umhverfi barna  
Margrét Sigurðardóttir, landslagsarkitekt  
Sigrún Helgadóttir, umhverfisfræðingur og kennari

Hópurinn hélt fræðslufund 28. nóvember 2002 með skólastjórnendum, kennurum og fulltrúum foreldraráða. Á fundinum hélt Sigrún Helgadóttir, umhverfisfræðingur og kennari, erindi um skólalóðina í náttúrfræðikennslu. Þar var einnig kynnt fyrirkomulag á vinnu með skólalóðir í Lundi í Svíþjóð auk þess var fyrirkomulag vinnu hópsins kynnt. Allt efni sem kom fram á fundinum var birt á upplýsingasíðu hópsins. Margar hugmyndir og ábendingar komu fram í umræðum (sjá fylgiskjöl 3 og 4).

Hópurinn skilar:

- Tillögu ásamt greinargerð vegna stefnumörkunar fræðsluráðs um hlutverk skólalóða í skólastarfinu (kafli 1).
- Hugmyndum um tvær mögulegar útfærslur að kennslugarði ásamt áætluðum kostnaði (kafli 2).
- Tillögu um ráðstöfun fjármagns og að samstarfi við hönnun og framkvæmd.

Auk þessa gerðu Róbert Á. Róbertsson, fulltrúi Fasteignastofu í hópnum og Guðrún S. Hilmisdóttir, Gatnamálastofu Reykjavíkur, úttekt á ástandi allra skólalóða í borginni. Gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum hennar í umfjöllun um hvern skóla í skýrslu hóps um greiningu á húsnæði grunnskóla Reykjavíkur. Skólalóðum voru gefnar einkunnir út frá niðurstöðum sem birtar eru í kafla 3 og þeim forgangsraðað í samræmi við það.

Hópurinn taldi óframkvæmanlegt að útfæra dæmigerða skólalóð til að áætla kostnað eins og lagt er fyrir í erindisbréfi m.a. vegna áherslu á ólíkar útfærslur milli skóla og mismunandi aðstæður á hverjum stað. Þess í stað er gerð áætlun um uppsetningu kennslugarða sem eru nýir á skólalóð (sjá kafla 2 og fylgiskjöl 5 og 6).

# 1. Stefnumörkun fræðsluráðs

Eftirfarandi ályktun var samþykkt samhljóða í fræðsluráði Reykjavíkur þann 31. mars 2003.

Fræðsluráð Reykjavíkur samþykkir eftirfarandi áherslur um skólalóðir við grunnskóla borgarinnar. Þær skulu vera hafðar að leiðarljósi við hönnun og endurbætur lóðanna á næstu árum.

Vegna lengdrar viðveru barna í skólanum er lóðin mikilvægari þáttur í skólastarfinu en áður var. Hún er hluti af skólanum og er bæði félagslegur og námslegur vettvangur, jafnframt því sem hún gegnir hlutverki fyrir íbúa hverfisins á sama hátt og húsnæði skólans. Hún er þó fyrst og fremst öruggur vettvangur fyrir leik og starf barna í grunnskólum Reykjavíkur.

*Sem félagslegur vettvangur* er lóðin fyrst og fremst leikvangur barnanna. Börnum á að líða vel og finnast skemmtilegt að vera á skólalóðinni. Aðstaða til leikja þarf að vera skipulögð þannig að hún styrki jafnt félags- og hreyfifroska barnanna. Gera þarf ráð fyrir fjölbreytni m.a. til að koma til móts við ólík áhugasvið nemenda.

*Sem námslegur vettvangur* styður skólalóðin við aukna áherslu á umhverfisfræðslu og umhverfisvænt skólastarf. Aðstæður á lóð til að sinna slíkri kennslu eru t.d. kennslugarðar undir berum himni. Þeir eru sérstaklega mikilvægir í skólum þar sem langt er í opin svæði eða óspillta náttúru. Skólalóð gegnir jafnframt mikilvægu hlutverki í íþróttakennslu og skal val á leiktækjum taka mið af því. Auk þess býður aðstaða til listsköpunar og listaverk í nánd við skólann upp á mikla möguleika í kennslu listgreina.

Skólalóðin er vettvangur íbúa hverfisins. Þar ber hæst samstarf við Íþrótt- og tómstundaráð og íbúa hverfisins. Fleiri samstarfsaðilar koma til greina eftir aðstæðum á hverjum stað t.d. Sorpa um aðstöðu vegna flokkunar á sorpi á eða við skólalóðina. Opna þarf leið fyrir íbúa hverfisins til að hafa áhrif á skipulag skólalóðarinnar.

Við hönnun og skipulag skólalóða verður að taka tillit til allra þessara þátta auk þess sem hún þarf að vera í samræmi við áherslur í starfi hvers skóla. Til að svo megi verða þarf að tryggja samstarf hönnuða og skólafólks. Hafa þarf í huga að góð hönnun missir gildi sitt ef notendur eru ekki meðvitaðir um þá möguleika sem hún býður upp á.

Vegna þess hve ástand margra skólalóða er lélegt er lagt til að gert verði átak í viðhaldi og endurbótum á lóðunum þar sem tekið er mið af áherslum fræðsluyfirvalda og þörfum notenda. Lagt er til að gert verði tilraunaverkefni í einum skóla, þar sem farið er eftir ákveðnu ferli við að skilgreina þarfir og áherslur notenda og hannað í samræmi við það.

Jafnframt verið leitað leiða til að gefa skólum og hönnuðum kost á ráðgjöf um skipulag og nýtingu skólalóðar í kennslu.

## ***Greinargerð með tillögu og nánari útfærsla***

### **a. Hönnun og skipulag**

#### *Almennt um hönnun og skipulag á nýjum lóðum*

Í nýjum hverfum er nauðsynlegt að huga snemma að staðsetningu og skipulagi skólalóðar. Samgöngur að lóð þurfa að vera greiðar, sérstaklega gönguleiðir og æskilegt er að skólalóð sé í tengslum við opin svæði og leikvelli til að fá betri nýtingu og skapa stærri svæði. Slíkt getur þó skapað vandamál gagnvart nágrönnun sem geta verið ósáttir við að búa í nánd við skólalóð, jafnframt því sem það gæti valdið óvissu um umráðarétt og ábyrgð. Þetta mætti að hluta fyrirbyggja með góðri kynningu og skýrari verkaskiptingu.

Sveitarstjórn ákveður stærð skólalóðar. Í nýjum hverfum þarf nægilegt rými að vera ætlað fyrir lóðina með tilliti til fjölda barna og hugsanlegrar viðbyggingar við skólann síðar meir.

Skiptar skoðanir eru um hvort og þá hve mikið eigi að girða af lóðir, fer það eftir aðstæðum á hverjum stað. Ákveðna hluta lóðarinnar gæti verið nauðsynlegt að loka af, sérstaklega ef um er að ræða svæði sem ætti að nýta t.d. til kennslu eða til flokkunar sorps. Hlutverk girðinga er að afmarka lóðina þar sem þess er þörf og mynda skjól fyrir fólk og gróður. Þær eiga auk þess að tryggja öryggi með því að halda börnunum inni á lóðinni og jafnvel utanaðkomandi aðilum utan hennar.

Bygging ætti að vera þannig staðsett á lóðinni að hún skapi gott skjól, jafnframt því sem þarf að tryggja auðvelt aðgengi úr byggingu á lóðina. Skipta má lóðinni niður í ákveðin svæði, annað hvort eftir aldri nemenda eða viðfangsefnum til að tryggja fjölbreytta nýtingu. Stígar um lóðina þurfa að vera lagðir þar sem nemendur ganga, snjóbræða þarf gönguleiðir og forðast að leggja stíga í 90° horn. Landslag á skólalóð gerir hana meira aðlaðandi, t.d. hólar. Hönnuður þarf að vera í nánú samráði við alla notendur lóðarinnar, ekki síst börnin sem ættu að fá aukin tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum sem varða umhverfi þeirra. Það stuðlar að aukinni þekkingu og hlutdeildartilfinningu sem aftur eykur líkur á bættri umgengni. Hönnuðir nýti sér handbók fyrir hönnuði sem er í vinnslu hjá Umhverfis- og tæknisviði Reykjavíkurborgar.

Gefa þarf hönnuðum og verktökum tækifæri til að fylgja verkinu eftir t.d. með því að lengja skilgreindan verktíma í tvö ár. Til að þetta gangi upp þarf verkefnið að vera vel skilgreint milli ára og markmið um lóðina skýr. Úthlutað fjármagn dreifist þá á tvö ár samkvæmt ákveðnu fyrirkomulagi um skiptingu. Hafa ber í huga í þessu sambandi að mikið er um afföll á gróðri á fyrsta ári þegar plöntur eru litlar og viðkvæmar.

#### *Ferli við hönnun skólalóðar við nýjan skóla*

Þegar byggður er nýr skóli er skólalóð hönnuð jafnhliða, samkvæmt sama ferli og farið er eftir við undirbúning byggingarinnar sjálfrar í samstarfi við skólastjórnendur viðkomandi skóla og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Mikilvægt er að gengið sé frá lóð við nýjan skóla um leið og skólinn tekur til starfa.

*Endurbætur / endurgerð eldri lóða.*

Hópurinn leggur til að tekin verði frá ákveðin fjárhæð á hverju ári í nokkur ár sem ætluð er til endurgerðar eldri skólalóða að hluta eða að öllu leyti. Fræðslumiðstöð kalli eftir hugmyndum skólanna um skipulag lóðarinnar og nýtingu í tengslum við innra starf og stefnu hans. Á grundvelli þeirra hugmynda forgangsraði Fasteignastofa og Fræðslumiðstöð framkvæmdum og hafi auk þess til hliðsjónar úttekt á ástandi skólalóðanna. Með þessu móti er stuðlað að umræðu innan skólanna um hlutverk skólalóðanna, Jafnframt ætti að nást betri nýting fjármagns þar sem lóðin er hönnuð fyrir það starf sem á að fara þar fram jafnframt því sem tryggt er að áhugi og þekking sé til staðar innan skólans til að nýta þá möguleika sem hönnunin býður upp á. Einnig eru meiri líkur á því að þeir sem hafa mestan áhuga og hugmyndir um nýtingu lóðarinnar fái fyrstir fjármagn til endurgerðar.

Lagt er til að vinnuferli verði eftirfarandi:

1. Fasteignastofa og Fræðslumiðstöð ákveða upphæð sem ætluð er til endurbóta á eldri skólalóðum ár hvert, a.m.k. þrjú ár fram í tímann.
2. Fræðslumiðstöð kallar eftir hugmyndum frá hverjum skóla um nýtingu lóðarinnar, hvernig hún tengist stefnu og starfi skólans og um mögulega útfærslu. Þær hugmyndir verði unnar í samráði við nemendur og starfsfólk skólans og foreldra.
3. Fasteignastofa gerir grófa kostnaðaráætlun fyrir hvern skóla miðað við hugmyndir skólanna.
4. Fasteignastofa og Fræðslumiðstöð ákvarða forgangs röðun framkæmda út frá áætluðu fjármagni, hugmyndum skólafólks og ástandi lóðanna

Þegar ákvörðun hefur verið tekin er verkefnisstjóri Fasteignastofu skipaður og hönnuður valinn og unnið samkvæmt venjubundnu ferli Fasteignastofu um nýbyggingar og viðbyggingar. Myndaður verði samstarfshópur sem vinni með hönnuði og verkefnisstjóra að því að skilgreina þarfir og gera forsögn. Í hópnum eiga sæti auk verkefnisstjóra og hönnuðar, skólastjóri, fulltrúi kennara, starfsfólks og foreldra, fulltrúi frá Fræðslumiðstöð og frá Íþrótt- og tómsundaráði Reykjavíkur. Jafnframt þarf að tryggja samráð við nemendur í hverjum skóla.

Fasteignastofa velur hönnuð lóðarinnar og eru mismunandi leiðir farnar við það. Mikilvægast er að sá sem valinn er, sé reiðubúinn að vinna út frá hugmyndafræði skólans eins og hún birtist í greinargerð frá skóla.

## **b. Það sem þarf að vera á skólalóð**

Það sem er á skólalóð tekur mið af hlutverki hennar, aðstæðum og áherslum hvers skóla. Mikilvægt er að hafa í huga að ekki er hægt að skilgreina ákveðinn búnað á lóð né ákveðið skipulag. Stefna skólans, áhugi og þekking starfsmanna hans hafa mikil áhrif á hvernig lóðin er nýtt. Sem dæmi má nefna að kennslugarður eins og honum er lýst hér á eftir, á ekki erindi á lóðina nema að slík kennsla sé skilgreind sem hluti af skólastarfinu, þannig að þekking sé til staðar innan skólans og henni viðhaldið.

Nú er á döfinni að skólar flokki sorp sitt í 5 – 6 flokka og þá þarf gott pláss á skólalóð fyrir gáma og jafnvel læsta geymslu á lóðinni fyrir sorp.

#### *Lóðin sem félagslegur vettvangur*

Leiktæki taka mið af aldri og fjölda barna í skólanum. Hefðbundnir vellir fyrir boltaleiki eru nauðsynlegir en gæta þarf þess að leiksvæði séu afmörkuð þannig að athafnasvæði sé ætlað þeim sem ekki vilja vera í boltaleikjum og komið í veg fyrir að þau hrekist út í horn eða á jaðra lóðarinnar. Fleiri og fjölbreyttari leiktæki þarf á lóðina heldur en nú eru þar og þá sérstaklega leiktæki sem hópar barna geta notað. Tæki sem reyna á jafnvægi og rýmisgreind nemenda eru mjög æskileg. Aðstaða til hópleikja er jafnframt oft af skornum skammti. Einföld leiktæki úr náttúrulegum efnum, s.s. þrautabrautir, eru ekki síður góð heldur en tilbúin leiktæki, þar sem tiltölulega fáir komast að í einu. Jafnframt þarf að vera svigrúm til að leyfa börnunum að hanna leiktækin svo fremi að þau uppfylli staðla um gerð og öryggi.

Yfirbyggð skýli eða skyggni eru alltaf aðlaðandi leiksvæði fyrir ákveðin hóp barna, sem leita í skjólið. Það sama gildir um bekkir þar sem hægt er að setjast niður og spjallað saman, tefla (útitafli) og svo framvegis. Þó ber að hafa í huga að slíkir skýli hafa stundum dregið að sér fólk á kvöldin og um helgar. Umgengni eftir slíkar heimsóknir er misgóð.

Til að stuðla að fjölbreytileika mætti hafa laus leiktæki sem væru geymd í geymslu við lóðina og lánuð. Þau myndu jafnframt nýtast vel, t.d. fyrir frístundaheimili ÍTR og aðra tómsundastarfsemi.

Leiktæki þurfa að örva hreyfifroska og geta nýst í íþróttakennslu. Leiktæki þurfa að taka mið af mismunandi árstíðum, t.d. er máluð skotskífa á vegg heppileg leið til að beina snjókast í jákvæðan farveg. Hólar eru líka vinsælir og hafa fjölpætt notagildi á öllum árstímum. Það sama er að segja um smíðavelli sem er nú skemmtilega útfærður á skólalóð Laugarnesskóla.

Skólalóðin á að vera hvetjandi umhverfi, stuðla að aukinni samkennd og öryggistilfinningu.

#### *Lóðin sem námslegur vettvangur*

Til að styrkja hlutverk lóðarinnar í kennslu, má afmarka ákveðið svæði til náttúrufræðikennslu, svokallaðan kennslugarð. Fjallað er sérstaklega um hann í næsta kafla hér á eftir. Hann er þó ekki nauðsynlegur til að hægt sé að nýta lóð í náttúrufræðikennslu (sjá fylgiskjal 8). Gróður er mikilvægur bæði til að gera lóð aðlaðandi og til að nota í kennslu, en einnig til að kenna börnum að þekkja plöntur og annast um þær. Þar sem því er við komið mætti vera með sérstakt rými, “sulluskúr” innandyra, sem gengið er inn í beint af lóð og hægt er að vinna með mold, fjöruefni og annað úr náttúrunni.

Vatn á skólalóð býður upp á marga möguleika í leik og starfi. Skiptar skoðanir eru um það meðal kennara og foreldra hvort það sé heppilegt á lóðinni. Víða erlendis þykir það ómissandi hluti af lóðinni og er nýtt í margvíslegum tilgangi, t.d. má hafa þar síli og skordýr. Börnum finnst það bæði gaman og gefandi að leika sé með vatn.

Nú eru skólar að eignast svokallaðan grenndarskóg, sem er skógarreitur í nágrenni skólans. Markmiðið er að tryggja rétta umgengni og nýtingu skólanna á skógarsvæðum Reykjavíkur. Þeim er ætlað að skapa tækifæri til upplifunar, fræslu og nytja. Um er að ræða oft vannýttta skógarlundi í námunda við skólana. Þeir skólar sem nýta sér þetta, skrifa undir samkomulag við Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur um aðgengi og fleira. Nemendur fara í vettvangsferðir í sinn grenndarskóg og læra að meta skógarsvæðin innan Reykjavíkur. Þannig eignast skólasamfélagið varanlega og ríka reynslu sem vonandi hefur jákvæð áhrif á viðhorf til skógræktar og skógarnytja í framtíðinni. Nemendur kynnast eiginleikum einstakra trjátegunda með tilliti til fjölbættrar nýtingar. Þau eru þjálfuð í að tálga úr blautum viði og að tileinka sér rétt handbrögð og umgengni við bitverkfæri. Ef langt er í skógarlund gætu nemendur ræktað sinn eigin grenndarskóg á lóðinni og öðlast þannig dýrmæta reynslu. Er þegar til dæmi um slíkt á skólalóð Laugarnesskóla sem áhugi er fyrir að þróa áfram.

Flaggstöng getur gegnt margþættu hlutverki, hún getur t.d. nýst bæði sem áttaviti og vindmælir. Mismunandi form, t.d. í hellulögn, mætti nýta í stærðfræðikennslu.

Listir þurfa að vera á hverri lóð, t.d. listaverk og aðstaða til listsköpunar af ýmsu tagi. Það getur verið útfært með ýmsu móti. T.d. listaverk málað á vegg eða malbikið og stytta getur verið uppspretta umræðu um listir og jafnframt verið örvandi til listsköpunar. Aðrir möguleikar eru t.d. leiksvið eða ræðupúlt á lóð sem bjóða upp á ýmsa möguleika og veggir sem börnin mega mála á og svo framvegis.

#### *Lóðin í hverfinu*

Í stefnu fræðsluyfirvalda í Reykjavík er gert ráð fyrir að skólinn geti verið eins konar miðstöð hverfisins og húsnæði hans nýtt af ýmsum aðilum. Það sama gildir um lóðina. Stærsti samstarfsaðilinn þar er Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur. Önnur afnot hverfisbúa af skólalóð geta t.d. verið safnkassar til að flokka úrgang, útileikhús og aðstaða fyrir flóamarkað. Vandaðir gervigrasvellir, sem gerðir eru fyrir alla íbúa hverfisins, eru vel staðsettir í nánum tengslum við skólalóðir sem og opin útvistarsvæði hverfisins.

Allt umhverfi skólans þarf að vera aðlaðandi fyrir fólk og bjóða það velkomið og skipulagið á að hvetja til samskipta ólíkra aðila og kynslóða. Fallegt umhverfi bætir jafnframt ímynd skólans.

### **c. Öryggi á skólalóð**

Öryggismálin verða að vera í góðu lagi og í samræmi við reglugerðir og staðla þar um. Það þýðir þó ekki að allt sem er skemmtilegt og skapandi geti ekki verið á lóðinni. Besta slysavörnin fellst ekki endilega í því að fjarlægja öll leiktæki. Tölur sýna að um 60% slysa í skólum sem leiða til tannbrots, gerast á skólalóð (fylgiskjal 8). Ekki er augljóst af þeim tölum hvað orsakar slysin. Mikilvægt er að bæta skráningu á slysum á skólalóð, m.a. til geta kannað orsakir þeirra og gert viðeigandi ráðstafanir til að fyrirbyggja slys.

Tryggja verður örugga aðkomu að skólanum bæði fyrir akandi og gangandi fólk. Það þarf að vera hægt að aka að skólanum með ýmis aðföng, án þess að það skapi hættu fyrir nemendur. Spyrja má hvort góðar girðingar umhverfis lóð geri hana öruggari gagnvart umferð óviðkomandi aðila, það ræðst af aðstæðum á hverjum stað.

Forðast skal skúmaskot og dimma ranghala á lóð, og er góð lýsing þar mjög mikilvæg. Skólalóðin þarf að vera þannig skipulögð að fullorðnir hafi eðlilega yfirsýn yfir hana. Börnin þurfa að fá tilfinningu fyrir því að fullorðnir geti séð til þeirra án þess að beinlínis sé verið að hafa með þeim eftirlit. Ef skot eru við byggingu er gott að hafa glugga í skotinu þannig að alltaf megi eiga von á að þangað sjáist úr skólanum. Jafnframt gæti það verið öryggisatriði að yfirsýn sé frá nærliggjandi húsum að skólabyggingu eða smábyggingum sem kunna að vera á lóðinni.

Það eykur jafnframt öryggisþingningu barnanna að gæslufólk sé vel merkt, t.d. í áberandi fatnaði. Góð lýsing er grundvallaratriði þegar kemur að öryggismálum.

Fara þarf varlega í notkun eiturefna þar sem börn eru að leik. Þetta er bæði umhverfis- og öryggismál. Hér skiptir máli hvaða plöntur eru valdar á lóð og hvaða ráðgjöf er veitt varðandi umhirðu þeirra.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa annast eftirlit með öryggi leikvallataekja og leiksvæða samkvæmt reglugerð nr. 942 frá desember 2002. Markmið hennar er að stuðla að öryggi barna og annarra með því að tryggja að leikvallataeki og leiksvæði séu hönnuð, frágengin og þeim viðhaldið á öruggan og viðurkenndan hátt. Í reglugerðinni er veittur frestur til 31. desember 2006 til að endurgera leiksvæði sem eru starfrækt við gildistöku hennar þannig að þau uppfylli ákvæði reglugerðarinnar. Rekstraráðilar leiksvæða skulu setja tímasetta áætlun um endurgerð leiksvæða og senda heilbrigðisnefnd til umsagnar fyrir 1. janúar 2005.

#### **d. Viðhald og umgengni**

Frá upphafi árs 2003 ber Fasteignastofa Reykjavíkur ábyrgð á viðhaldi skólalóða. Um er að ræða viðhald á gróðri, malbiki, leiktækjum, girðingum o.fl. Framkvæmd er þó enn um sinn í höndum Gatnamálastofu og garðyrkjudeildar. Lagt er til að gerðar verði viðhaldsáætlanir með sama hætti og um húsnæði skólanna. Þær ættu að ná til a.m.k. þriggja ára. Umgengni á skólalóð hefur mikil áhrif á viðhaldspörf, því er mikilvægt að hafa náð samstarf við skólastjóra viðkomandi skóla.

Nemendur eru notendur lóðarinnar og það þarf að auka meðvitund þeirra um umgengni á lóð. Virkja má þá betur til að hlúa að grasi eða gróðri og að annast um ákveðin svæði lóðarinnar, t.d. með bekkjarhólfum. Skipuleggja má betur umferð barna um lóðina til að bæta umgengni og draga úr álagi, t.d. með því að hafa ekki öll börn úti í einu. Náttúruleg svæði, s.s. gróður og gras, þurfi aukið viðhald til að þau haldi sér betur og ekki verði úr moldarflag eins og víða má sjá. Skoða má hvort unnt er að veita verðlaun fyrir góða umgengni á skólalóð eins og nú er gert fyrir góða umgengni um skólahúsnæðið.

Fjármagn til endurbóta og viðhalds á lóðum hefur verið í lágmarki undanfarin ár, og bera margar skólalóðir þess merki. Úr þessu þarf að bæta og er lagt til að gert verði

sérstakt átak í almennu viðhaldi á skólalóðum sem fer fram óháð endurgerð eða meiriháttar endurskipulagningu á lóðinni.

### e. Umhverfismál á skólalóð

Við hönnun skóla er mikilvægt að gera ráð fyrir að flokkun úrgangs frá skólanum sé auðveld og aðgengileg. Gera þarf ráð fyrir rúmgóðum sorpgeymslum í byggingunum og/eða komið upp afgirtri og fallettri aðstöðu á skólalóð fyrir gáma. Þessi hönnun þarf að vera í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um sorphirðu. Æskilegra er að koma fyrir sorpgeymslum fremur en gámum á lóð þar sem það hefur minni rekstarkostnað í för með sér.

Einnig þarf að gera ráð fyrir rúmgóðri útigeyslu þar sem hægt er að geyma áhöld og verkfæri til umhirðu skólalóða, leikföng og ýmsan búnað sem notaður er við útikennslu. Hjólagrindur ættu að vera til staðar við alla skóla. Við alla skóla verði komið fyrir góðum merkingum með nafni skólans og teikningu af skólanum. Einnig verði settar upp merkingar þar sem fólk er beðið að slökkva á bílvél meðan á erindi stendur. Við hönnun snjóbræðslukerfa á skólalóð skal miðað við að nýta afgangsvatn frá skólabyggingunni og forðast notkun sérstakrar innspýtingar fyrir snjóbræðslukerfi

### f. Ráðgjöf við skóla

Ef skólalóðir eiga að gegna því hlutverki í skólastarfinu sem hér er lagt til, telur hópurinn mikilvægt að skólafólk eigi greiðan aðgang að ráðgjöf, m.a. um að nýta möguleika nánasta umhverfis í kennslu, umhirðu eða val á plöntum á skólalóðinni og notkun eiturefna. Í því sambandi má benda á sérstaka náttúruskóla sem eru starfræktir víða í nágrennalöndum okkar.

Möguleikar til að veita slíka ráðgjöf eru t.d. með sérstökum kennsluráðgjafa í umhverfis- og útikennslu á Fræðslumiðstöð eða í einum skóla. En hana mætti jafnframt veita frá garðyrkjudeild Umhverfis- og heilbrigðisstofu eða af utanaðkomandi ráðgjafa.

Til að stuðla að hönnun í samræmi við áherslur og þarfir notenda er lagt til að farið verði í sérstakt tilraunaverkefni í einum skóla. Unnið verði undir leiðsögn Kristínar Þorleifsdóttur, landslagsarkitekts og sérfræðings í hönnun á umhverfi fyrir börn, að því að skilgreina áherslur. Þetta verði gert í samstarfi við hönnuð, skólafólk, nemendur, foreldra og aðra íbúa hverfisins. Hönnuður útfærir síðan hugmyndir hópsins. Þess er vænst að mikilvæg þekking og reynsla verði til sem myndi nýtast í áframhaldandi vinnu við lóðir grunnskólanna. Æskilegt er að eftir slíka vinnu liggi handbók þar sem ferlinu er lýst og að framkvæmd verði rannsókn á viðhorfum nemenda til umhverfis síns fyrir og eftir þátttöku í slíku ferli.

## 2. Kennslugarður

Kennslugarður er lokað, vel skipulagt, svæði á lóðinni og nýtist eins og kennslustofa undir berum himni. Hann getur verið afmarkaður af byggingunni sjálfri að hluta eða öllu leiti. Til þess að hann nýtist í kennslu er nauðsynlegt að áhugi og þekking á

Útikennsla sé til staðar í skólanum og því er ekki ástæða til að setja hann upp í öllum skólum. Sérstök þörf er fyrir slíkan garð þar sem langt er í náttúrulegt umhverfi. Í sumum skólum eru kjöraðstæður fyrir hendi þar sem bygginginn sjálf skapar afmarkað lokað svæði, en annars staðar þarf að notast við girðingar eða grindverk. Meðfylgjandi eru tillögur um mögulega útfærslu sem unnar eru af Margréti Sigurðardóttur, landslagsarkitekt á garðyrkjudeild Umhverfis- og tæknisviðs Reykjavíkurborgar, í samstarfi við kennara úr Selásskóla, Álftamýrarskóla og Hólabrekkuskóla. Hugmyndirnar sem lýst er hér byggjast mjög á þeirra framlagi.

Mismunandi er hvað er í kennslugarðinum, fer það t.d. eftir stærð svæðisins sem er til umræða, aldri barnanna í skólanum og áherslum í skólastarfi. En þar gæti t.d. verið eftirfarandi:

- **Gróður** við mismunandi aðstæður í skugga og sól, frjóplöntur, berjarunnar, laukar, mat- og kryddjurtir, lækningajurtir og annað sem henta þykir í kennslu. Sígrænn gróður, lauffellandi, haustlitir, o.s.frv.
- **Lýsing** til að tryggja góða nýtingu á kennslugörðunum við hæfi. Þannig getur aðstaðan einnig komið að góðum notum í svartasta skammdeginu. Jafnframt eru minni lýkur á skemmdarverkum þar sem lýsing er viðeigandi.
- **Landnemagirðing** þar sem mosi og fleira getur numið land, hægt væri að taka myndir og fylgja eftir þróuninni.
- **Safnkassar** en forsendan fyrir safnkössum í skólastarfi er áhugi starfsfólks. Rými þarf að vera til athafna við kassana og að sama skapi hart undirlag í kring um þá til að einfalt sé að halda svæðinu hreinu. Best er að finna safnkössum stað á skuggsælum stað.
- **Steinasafn** með ýmsum steintegundum undir berum himni þar sem nemendum gefst kostur á að skoða eintökin í návígi. Jafnframt má nýta stóra hnullunga til setu eða til að klöngrast á.
- **Slý í tunnu**, gefur ýmsa möguleika til náms.
- **Timburgirðing** eða timbur, fúavarið og ófúavarið, til samanburðar á landnámi t.d. mosa og flétta.
- **Tjörn/votlendi** þar sem regnvatn er nýtt í vatnsbúskapinn. Tjörn með fiskum og tilheyrandi votlendisgróðri getur verið áhugavert rannsóknarverkefni. Ferli vatnsins má gera sýnilegt með rennum af þaki, steinasafnið mætti gjarnan vera hluti af hönnuninni. Veðurathuganir og leikur með úrkomu sem fyrir safnast yrðu á þann hátt beint tengdar úrkomumagni.
- **Fóðurborð** – fyrir smáfugla gefur tilefni til aukinnar fjölbreytni dýralífs í nágrenni grunnskólanna. Kostur er að viðeigandi gróður sé innan seilingar þar sem hreiðurgerð og önnur fæðuöflun gæti farið fram og börnin fengið yfirsýn yfir lífshætti fugla.
- **Upptökuvél** í tengslum við fóðurborð / fuglahús þar sem nemendur geti t.d. fylgst með lífsháttum fuglanna á skjá inni í skólanum. Hreiðurgerð, útungun og mötun á ungum vekur jafnan áhuga.
- **Útikennsla** af ýmsu tagi getur einnig farið fram í kennslugarðinum. Að vori þegar sólin fer að glenna sig er útiveran jafnan vinsæl. Haga þarf aðstöðu eftir því rými sem er til staðar. Borð, stólar, bekkir og sessur eru búnaður sem nýst geta til slíkra athafna.
- **Vatnsúttak**, s.s. krani, niðurfall og tilheyrandi búnaður koma sér vel í sérhverjum kennslugarði.

- **Veðurathugunarstöð** gefur mikla möguleika. Huga þarf vel að staðsetningu slíkrar stöðvar með tilliti til sólar, vinda og úrkomu. Hugsanlega er hægt að nota „vindtrektir“ til að fylgjast með vindáttum.
- **Vinnuaðstaða** þar sem litun á garni og önnur grófvinna gæti farið fram.
- „**Vistkerfi**“ eða aðstaða til mismunandi vistkerfamyndunar, t.d. tunnur / ker með mýrlendi / holtagróðri o.s.frv.

Hugmyndirnar hér að ofan eru ekki tæmandi og liggur það í hlutarins eðli að hver kennslugarður þarf að skapast út frá þeim aðstæðum sem ríkja í hverjum skóla fyrir sig. Listinn hér að ofan og meðfylgjandi útfærslur geta þó verið til viðmiðunar við skipulagningu kennslugarða. Þessar hugmyndir hafa verið prófaðar og gefist vel þar sem áhugi og aðstaða hefur verið fyrir hendi. Ljóst er að slík nýbreytni í skólastarfi getur gefið tilefni til aukins áhuga á náttúrufræðum og jafnframt umhverfismeðvitaðri æsku.

Þótt kennslugarði væri ekki komið fyrir á skólalóðinni mætti horfa til aukins fjölbreytileika í gróðri á skólalóð sem gæti m.a. dregið að aukið dýralíf í nágrenni skólanna og skapað ýmsa möguleika í kennslu í náttúrufræði og umhverfisfræði.

Úr frá hugmyndum sem lýst er hér að ofan var gerð skissa að mögulegri útfærslu á tveimur slíkum gördum þar sem aðstæður eru ólíkar. Annars vegar í Álftamýraskóla og hins vegar í Selásskóla, teikningar má sjá á fylgiskjöllum 5 og 6 en nánari lýsing fylgir hér á eftir.

## Álftamýrarskóli

Álftamýrarskóli hefur yfir að ráða eins konar inngarði (atríum) í aðalbyggingunni miðri, staðsettum á milli tveggja ganga sem jafnframt eru aðalgönguleiðir innan skólans.

Í garðinum miðjum hefur verið komið fyrir bókasafni og tölvuveri, sem tengjast aðalbyggingu um ganga. Nýbyggingin skiptir rýminu upp í austur- og vesturhluta. Lega garðsins og tengingar hans við almennt skólastarf skapar forsendur til að kennslugarðurinn nýtist vel í starfi mismunandi bekkjardeilda.

Um er að ræða afmarkað rými með glugga á allar hliðar. Þetta leiðir af sér góða sjónræna tengingu við aðliggjandi stofur þar sem skólastjóri, yfirkennari, kennarar, námsráðgjafi og sérkennarar, auk hjúkrunarfræðings hafa góða innsýn í garðinn og jafnframt yfirsýn yfir það sem þar fer fram.

Inngarðurinn er fullbúinn, með trépöllum, fjörugrjóti og lýsingu. Meirihluti svæðisins er timburlagður, fjörugrjóti hefur verið komið fyrir á skuggsælli stöðum, auk þess sem lýsing er til staðar.

Plantað hefur verið í austurhluta garðsins, en hann er hugsaður sem skrautgarður með runnum og sígrænum trjám. Hugmyndir eru uppi um að eystri hlutinn nýtist undir grillaðstöðu, til að borða úti og til sólbaða þegar þannig viðrar. Einnig er ætlunin að koma upp útilistaverki í samvinnu við nemendur og myndmenntakennara.

Vesturhluti garðsins hefur verið hugsaður sem útistofa í náttúrufræði. Eins og fyrr segir er stór tréfallur, fjörugrjót og lýsing til staðar en hugsunin er að koma þar upp gróðurkössum til ræktunar haustlauka og ýmissa tegunda grænmetis. Veðurstöð með úrkomu- og hitamæli, fuglahús með fæðupalli, tréborð og stólar fyrir nemendur eru einnig á óskalistanum hvað varðar búnað. Uppi eru hugmyndir um að grjótsafni verði fundinn staður þar sem ekki nýtur sólar og ræktunaraðstaða er rýr.

Með tilliti til staðsetningar garðsins og góðra tenginga má gera ráð fyrir að kennslugarðurinn verði eins konar sameiningartákn í hinu almenna skólastarfi. Nemendum gefst kostur á að fylgjast með því sem þar fer fram, auk þess sem garðurinn ætti að geta orðið augnauki ef vel tekst til við hönnun og útfærslur.

Kennslugarðurinn við Álftamýrarskóla hefur góða möguleika á að verða innihaldsríkur liður í skólastarfinu þar sem garðurinn nýtist vel undir þá starfsemi sem hugmyndir hafa verið uppi um. Ljóst er að hugmyndirnar sem uppi eru um nýtingu kennslugarðsins falla vel að aðstöðunni.

## Selásskóli

Selásskóli hefur yfir að ráða svæði sunnan við nýbyggingu þar sem hátt er til lofts og vítt til veggja og glervegg sem snýr út að svæði utandyra sem ætlað er fyrir kennslugarð. Rýmið innan dyra er u.þ.b. 87 m<sup>2</sup>, ætlað fyrir náttúrufræðikennslu, steinlagt með opnun um tvennar dyr út á svæðið.

Hér er um að ræða góða aðstöðu innan dyra, sem eykur notagildi kennslugarðsins í misjöfnum veðrum. Hitt er útfærsluatriði hvernig og hversu greið aðkoman verður af lóð.

Með tilliti til veðurs hefur svæðið góða staðsetningu. Sólar nýtur við á þeim tíma sem skólastarf fer fram og skjólgott er í skotinu.

Segja má að kennslugarðurinn hafi forsendu til að verða órjúfanlegur hluti af hinni eiginlegu skólalóð jafnframt því sem hann tengist vel kennslusvæðinu innandyra, bæði með tilliti til aðgengis og sjónrænnar tengingar.

Svæðið innan dyra býður upp á góða nýtingu á kennslugarðinum í misjöfnum veðrum þar sem aðgengi að t.d. ræktunarreitum og safnkössum er gott. Auk þess veitir yfirsýnin gott aðhald og ýtir undir góða umgengni um garðinn.

Möguleiki er á fjölbreyttu úrvali vinnustöðva við Selásskóla. Kennslugarðurinn hefur góða möguleika á að verða vel nýtt útikennslustofa í góðum tengslum jafnt við innra starf skólans sem hið ytra.

### 3. Mat á ástandi girðinga, yfirborðs, leiktækja, snjóbræðslu og frárennsli

Fasteignastofa Reykjavíkur gerði úttekt á ástandi skólalóða sem náði til rýmis, leiktækja, skipulags, almenns ástand og öryggismála.

Á grundvelli úttektarinnar var lóðunum gefin er einkunn frá 1 og upp í 5 og síðan reiknað meðaltal hvers skóla út frá vægi hvers þáttar, sjá töflu 1. Hærrí einkun þýðir verra ástand. Matið er sett hér fram til stuðnings þeim sem taka ákvörðun um framkvæmdir og forgangsröðun. Röðin sem birtist hér segir því ekki til um framkvæmdaröð, margir aðrir þættir gætu haft þar áhrif á.

<i>Þættir sem metnir voru:</i>	<i>vægi</i>
Þrengsli miðað við fjölda m <sup>2</sup> á nemenda	10%
Vöntun á leiktækjum eða leiksvæðum	20%
Þörf á endurhönnun	30%
Almennt ástand lóðar	20%
Almennt ástand m.t.t. öryggismála	20%

Tafla 1. Mat á ástandi skólalóða við grunnskóla Reykjavíkur janúar 2004

	Einkunn
Hólabrekkuskóli	4,3
Langholtsskóli	4,3
Hlíðaskóli	4,3
Klébergsskóli	4,2
Vogaskóli	4,0
Seljaskóli	3,8
Laugalækjarskóli	3,6
Fellaskóli	3,5
Fossvogsskóli	3,4
Réttarholtsskóli	3,1
Melaskóli	2,9
Vesturbæjarskóli	2,7
Austurbæjarskóli	2,6
Hagaskóli	2,5
Ölduselsskóli	2,5
Engjaskóli	2,4
Árbæjarskóli	2,4
Hamraskóli	2,4
Laugarnesskóli	2,3
Foldaskóli	2,2

Hvassaleitisskóli	2,0
Selásskóli	2,0
Grandaskóli	1,9
Húsaskóli	1,8
Breiðagerðisskóli	1,7
Álftamýrarskóli	1,8
Ártúnsskóli	1,5
Breiðholtsskóli	1,4
Háteigsskóli	1,3
Rimaskóli	1,2
Borgaskóli	1,1
Víkurskóli	1,0

Lóðir sem fá háa einkunn eru heldur ekki endilega þær lóðir þar sem fæst slys verða eins og fram kemur (fylgiskjal 8). Þegar kemur að forgangsstöðun er því að nauðsynlegt að taka fleiri þætti inn en hér koma fram. Og þá einkum greinargerð viðkomandi skóla um hlutverk og nýtingu.

## 4. Kostnaður

Litlar upplýsingar liggja fyrir um kostnað við viðhald á skólalóðum undanfarin ár en við gerð nýrra lóða eða gagnngerar endurbætur má miða við rauntölur við gerð nýjustu skólalóða í Reykjavík, samanber töflu 2. Samkvæmt því má áætla að um 2000 – 3000 kr. á hvern fermetra. Það er þó misjafnt eftir stærð og gerð lóðarinnar.

Tafla 2. Kostnaður við framkvæmdir á skólalóðum við nokkra grunnskóla í Reykjavík. Miðað er við verðlag í september 2003

	kostnaður	m <sup>2</sup>	kostn/m <sup>2</sup>
Borgaskóli	62,000,000	21,607	2,869
Engjaskóli	39,303,326	23,565	1,668
Rimaskóli	130,896,604	48,159	2,718
Kennslugarður í Selásskóla			3,000,000

### *Kennslugarður*

Kostnaður við gerð kennslugarðs fer mjög eftir aðstæðum á hverjum stað og útfærslu. Í Selásskóla kostaði kennslugarður um 3 milljónir. Kostnaður felst m.a. í grunnfrágangi svæðis, búnaði vegna kennslu og girðingu. Rétt er að hafa í huga að ekki er um hreinan viðbótarkostnað að ræða, miðað við aðra nýtingu á sama svæði. Alltaf þarf grunnfrágang og eitthvað á svæðið, hvort sem það er stétt, gróður eða leiktæki. Þó má áætla að a.m.k. kostnaður við að girða sé sá kostnaður sem kemur til viðbótar.

## Lokaorð

Greinargerð þessi er hluti af greiningu á þörf fyrir viðbyggingar og endurbætur á húsnæði grunnskóla Reykjavíkur. Þær tillögur sem hér hafa verið settar fram eru stefnumarkandi og miðað við þá stöðu sem skólalóðir við grunnskóla eru í núna. Ætla má að það taki nokkur ár að koma tillögunum til framkvæmda.

Það er von hópsins að tillögurnar verði gagnlegar þeim sem taka ákvarðanir um skiptingu fjármagns til nýframkvæmda og þeim sem undirbúa og hanna nýjar skólalóðir eða endurskipuleggja eldri lóðir. Við væntum þess jafnframt að þær verði skólafólki til stuðnings við að skilgreina hlutverk lóðanna í skólastarfinu og að setja fram tillögur um skipulag þeirra sem styðja við áherslur skólans.

# Fylgiskjöl